

Menntastefna VR 2023-2025

VR leggur áherslu á að félagsfólki VR sé tryggður sá möguleiki að eflast og þróast í starfi á íslenskum vinnumarkaði, hvort sem um er að ræða formlegt eða óformlegt nám¹. VR kappkostar að félagsfólki gefist kostur á að bæta við sig aukinni hæfni í takt við tæknibreytingar og stafræna þróun í íslensku samfélagi. VR tekur virkan þátt í þeim verkefnum í íslensku samfélagi sem talin eru til framdráttar varðandi frekari menntun og hæfni félagsfólks VR.

Helstu áherslupættir VR er varða menntastefnu VR 2023-2025 eru:

1. Aukin hæfni félagsfólks

- a. VR vill stuðla að aukinni menntun meðal félagsfólks sem ekki hefur lokið við grunnmenntun.
- b. VR leggur áherslu á að félagsfólki gefist ávallt kostur á að auka hæfni sína með sí- og endurmenntun.
- c. VR hvetur félagsfólk sitt til að undirbúa sig fyrir frekari breytingar og leita leiða til að takast á við mögulegar breytingar á störfum í framtíðinni.

2. Samvinna innan skólasamfélagsins í heild sinni

- a. VR er virkur þátttakandi í framþróun náms og námsúrræða fyrir félagsfólk.
- b. VR tekur þátt í verkefnum á öllum skólastigum.
- c. VR stuðlar að aukinni samvinnu við símenntunarmiðstöðvar.
- d. VR vinnur með hagsmunaaðilum til aukinnar hæfni fyrir félagsfólk sitt.

3. Síbreytileg og uppfærð upplýsingagjöf til félagsfólks

- a. VR tryggir skýrt aðgengi félagsfólks að upplýsingum um frekara nám og leiðum til hæfniaukningar.
- b. VR upplýsir félagsfólk um hvaða breytingar geta orðið á vinnumarkaði og á störfum þess.

4. Raunfærnimat og starfsþróunarráðgjöf

- a. VR stuðlar að því að hæfni sem félagsfólk hefur áunnið sér verði metin/skrásett.
- b. VR stuðlar að því að aðgengi í raunfærnimat í almennri starfshæfni verði gott.
- c. VR stuðlar að því að raunfærnimat skili félagsfólki ávinningi til styttingar á formlegu námi.

¹Með formlegu námi er átt við nám sem hannað er sem slíkt, stundað af ásetningi starfsfólks, fer yfirleitt fram í kennslustofu og gefin er út staðfesting á því. Óformlegt nám getur verið innbyggður hluti af verkefnum í starfi en stundað með ásetningi starfsfólks að afla sér aukinnar þekkingar og hæfni.